

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

20. október 2025
UOS2509242/A.P.
13.05.00

Umsögn – Ræktunarleyfi fyrir skeldýrarækt í Breiðafirði – Hvammsskel ehf.

Vísað er til erindis Matvælastofnunar er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar til Hvammsskeljar ehf. um nýtt ræktunarleyfi vegna skeldýraræktar í Breiðafirði. Sótt er um leyfi til 20 tonna framleiðslu af bláskel/krækling. Í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt óskar Matvælastofnun eftir umsögn Umhverfis- og orkustofnunar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdarlýsing

Samkvæmt umsóknargögnum er ræktun í gangi í Hvammsfirði þar sem skelin situr á ræktunarlínunum og dafnar vel. Rannsóknir sýna þó að magn eiturbörunga getur verið yfir mörkum stóran hluta árs en sýni í Breiðafirði sýndi fram á aðra samsetningu þörunga á fyrirhuguðu nýju ræktunarsvæði í Breiðafirði. Því er ætlunin að flytja smáskel yfir á „hreinna“ svæði í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og kanna hversu lengi skelin yrði að hreinsa sig. Sótt er um leyfi fyrir 20 tonnum. Settar yrðu út 1-2 línur, skelin yrði sokkuð í Búðardal og flutt á fyrirhugað svæði í Breiðarfirði. Meðfylgjandi er kort af fyrirhuguðu ræktunarsvæði sem er austan megin við Stóru Öffersey, norður af Skarðsströnd.

Breiðafjarðarnefnd

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að umrætt svæði er í Breiðafirði sem er friðlýstur en um hann gilda lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja en lögin taka til allra eyja, hólma og skerja í Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins. Umhverfis- og orkustofnun telur að leita ætti til nefndarinnar áður en ræktunarleyfi er gefið út.

Erfðafræðiáhrif og áhrif ræktunar á botndýralíf

Kræklingur er innlend skeldýrategund við Ísland og því telur Umhverfis- og orkustofnun ekki ástæðu til að ætla að ræktunin valdi óæskilegum vist- eða erfðafræðilegum áhrifum. Ef engin fódurgjöf er fyrirhuguð ætti ekki að safnast upp fæðuleifar undir línunum og telur stofnunin því ekki ástæðu til að ætla að ræktunin hafi neikvæð áhrif á botndýralíf á ræktunarsvæðinu. Þó telur stofnunin mikilvægt að haft sé gott samráð við Hafrannsóknastofnun varðandi flutning skelja sem mögulega bera eiturþörungum yfir á annað svæði. Einnig telur stofnunin nauðsynlegt að í leyfi sé gerð krafa um eftirlit með eiturþörungum á ræktunarsvæðinu þar sem aukið magn þeirra getur haft áhrif á viðkvæmt lífríki sem og að fylgst verði með botndýralífi.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir umsókn rekstraraðila og metið hættu á neikvæðum vistfræði- og erfðafræðiáhrifum óverulega.

Stofnunin bendir á að skv. 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt getur Matvælastofnun krafist þess að leyfisveitandi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi. Umhverfis- og orkustofnun telur æskilegt að krefjast slíkrar tryggingar enda hefur reynslan sýnt að ekki hefur alltaf verið staðið vel að frágangi vegna ræktunar eins og hér er fjallað um og hafa botnfestur og annar búnaður verið skilinn eftir þegar starfsemi er hætt. Því telur stofnunin að í ræktunarleyfi skuli einnig setja skilyrði um frágang ef starfsemi verður hætt.

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur